



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. guðrunm@myv.is

Fundargerð Landbúnaðarnefnd 14. fundur

Fundur haldinn í Landbúnaðarnefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps, mánudaginn 11. janúar 2010 kl: 10:00.

Mættir: Birgir V. Hauksson, Halldór Árnason, Hjörleifur Sigurðsson, Sólveig E. Hinriksdóttir auk Fjallskilastjóra Egils Freysteinsonar. Sigurður Böðvarsson mætti ekki.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og skipaði Hjörleif sem fundarritara.

2. Endurskoðun á Fjallskilasamþykkt fyrir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar.

Farið yfir fjallskilareglugerð S-Þing, með tilliti til breytinga.

Samþykkt að nauðsynlegt sé að breyta 29 gr. þannig að heimilt sé að leggja allt að einum þriðja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Ef heimild þessi er notuð skal vera sama álagningarhlutfall á landverð allra jarða.

Þá voru menn sammála um að breyta þurfi 23. grein þannig að fullgildur gangnamaður sé a.m.k. 16. ára.

Þá þarf að breyta 25. grein þannig að heimilt sé að fyrsti réttardagur sé frá 20. ágúst – 15. september.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Birgir V. Hauksson
Halldór Árnason
Hjörleifur Sigurðarson
Sólveig E. Hinriksdóttir
Egill Freysteinson

